

Sp. 404. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé til kaupa á efni í raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

G r e i n a r g e r ð .

Á Alþingi í fyrra vetur flutti fyrri flm. till. til þál. um, að rannsókuð væru skilyrði til raforkuleiðslu frá Akureyri til Dalvíkur. Sú till. var samkvæmt tillögu fjárhagsn. afgreidd með rökstuddri dagskrá, þar sem fram var tekið, að 4. sept. 1942 hefði verið samþykkt þingsályktun um að hraða slíkum rannsóknum, og væri því sjálfsagt að gera slíkar athuganir í Eyjafirði án nýrrar áskorunar. Samkvæmt þessu mætti ætla, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að lína þessi væri lögð svo fljótt sem efni fæst til hennar.

Flutningsmenn till. þessarar ætlast til, að nefnd lína liggi um Glerárþorp, Dagverðareyri, Hjalteyri, Hauganes, Litla-Árskógssand til Dalvíkur, með línu til Hríseyjar.

Á Alþingi hefur nú verið samþykkt að kaupa efni til raforkuveitu til Keflavíkur. Tóku margir þingmenn þá fram, að samþykki þeirra um efniskaup til þeirrar línu væri bundið því skilyrði, að greitt yrði á sama hátt fyrir öðrum stöðum, þar sem skilyrði til raforkuleiðslu væru fyrir hendi. Má því ætla, að tillaga þessi fái skjóta og góða afgreiðslu.